

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 380/1997.

Lykill ehf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Þrotabúi Verslunarfélags

Austurlands hf.

(Ástráður Haraldsson hrl.)

og gagnsök

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Óvenjulegur greiðslueyrir. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1997. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði niðurstaða héraðsdóms um riftun staðfest, krefst hann þess til vara, að viðurkenndur verði réttur sinn að skila til gagnáfrýjanda yfirfærðum viðskiptakröfum, sem enn séu til, að fjárhæð 1.111.181 króna. Í því tilviki krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en að málskostnaður í héraði falli niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1997. Hann krefst þess, að rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. við aðaláfrýjanda, að fjárhæð 7.092.829 krónur, og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að endurgreiða gagnáfrýjanda jafnháa fjárhæð. Hann krefst þess einnig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.945.671 krónu frá 1. október 1995 til 1. janúar 1996, en af 7.092.829 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst loks málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, höfðaði gagnáfrýjandi mál þetta í héraði til að fá rift gerningum forráðamanna Verslunarfélags Austurlands hf., sem fólu í sér ráðstöfun eigna félagsins og ákveðnar voru

nokkru áður en bú félagsins var tekið til gjaldprotaskipta 30. janúar 1996. Var í fyrsta lagi um að ræða ráðstöfun allra vörubirgða félagsins til aðaláfrýjanda samkvæmt samningi 1. október 1995, en kaupverð samkvæmt honum var 5.463.592 krónur. Í annan stað var krafist riftunar á framsali viðskiptakrafna í eigu félagsins til aðaláfrýjanda samkvæmt samningi 30. september 1995, að fjárhæð 1.482.079 krónur. Loks var krafist riftunar á þeirri ákvörðun að afhenda aðaláfrýjanda skuldabréf í eigu Verslunarfélags Austurlands hf., að eftirstöðvum 147.158 krónur. Nam heildarkrafa gagnáfrýjanda í héraði þessum fjárhæðum samanlögðum, og er hún óbreytt hér fyrir dómi. Er óumdeilt, að Verslunarfélag Austurlands hf. hafi engar eignir átt eftir þær ráðstafanir, sem að framan getur.

II.

Atvik að samningi um sölu vörubirgða Verslunarfélags Austurlands hf. til aðaláfrýjanda og framgangur þess máls er ýtarlega rakin í héraðsdómi. Er ekki annað í ljós leitt en aðaláfrýjandi hafi greitt fyrir vörurnar með tveimur skuldabréfum, samtals að fjárhæð 6.000.000 krónur, sem hann gaf út í kjölfarið og afhent voru Austmati hf. til lækkunar á skuld Verslunarfélags Austurlands hf. við það félag. Eru engar vísbendingar fram komnar um, að aðaláfrýjandi hafi verið í ábyrgð fyrir þeirri skuld. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sýknu af þessum þætti í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi skýrir samning um kaup sín á viðskiptakröfum Verslunarfélags Austurlands hf. 30. september 1995 með því, að hann hafi ekki falið í sér greiðslu á skuld síðarnefnda félagsins með óvenjulegum greiðslueyri í merkingu 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o. fl. Endurgjald aðaláfrýjanda hafi falist í því að taka á sig greiðslu launa starfsmanna Verslunarfélags Austurlands hf., sem féllu til næstu mánuði eftir samningsgerðina. Skilyrði laganna til að rifta komi því ekki til greina. Samningurinn hafi að auki verið viðsemjanda hagstæður, þar eð hann hafi með þessu komið öllum kröfum sínum í verð án affalla. Er samningurinn tekinn upp orðréttur í héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi tók við rekstri Verslunarfélags Austurlands hf. 1. október 1995 og nýtti til þess starfsmenn félagsins, eins og hann

taldi þörf á. Launagreiðslur eftir þann tíma fólu því í sér endurgjald fyrir störf í þágu aðaláfrýjanda sjálfs. Skýringar hans þess efnis, að hann hafi ekki þurft á öllum starfsmönnum Verslunarfélags Austurlands hf. að halda við starfsemi sína, eru óljósar, og hefur hann ekki á skýran hátt leitt í ljós, að hvaða marki launagreiðslur kunni að hafa verið í þágu Verslunarfélags Austurlands hf., en ekki hans sjálfs. Eins og málið er lagt fyrir, geta mótbárur hans ekki hnekkð þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að um hafi verið að ræða greiðslu skuldar með óvenjulegum greiðslueyri, og verður niðurstaða hans um riftun þessarar greiðslu staðfest.

Þriðji þátturinn í kröfugerð gagnáfrýjanda lýtur að skuldabréfi, sem verið hafi í eigu Verslunarfélags Austurlands hf. Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur bréfið verið til innheimtu í Landsbanka Íslands hf., sem hefur fært greiðslur skuldarans gagnáfrýjanda til tekna, en ekki aðaláfrýjanda. Í málsvörn sinni skýrir aðaláfrýjandi jafnframt svo frá, að hann hafi ekki notið neins af því, sem greiðst hafi af bréfinu, og geri enga kröfu til þess. Fylgiskjal í bókhalði Verslunarfélags Austurlands hf. um, að bréfið sé sett upp í skuld við aðaláfrýjanda, sé byggt á misskilningi.

Ljóst er, að enginn ágreiningur er með málsaðilum um eignarrétt að nefndu skuldabréfi. Eins og málið er vaxið, hefur gagnáfrýjandi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þennan þátt í kröfugerð sinni. Verður honum samkvæmt því vísað frá héraðsdómi.

III.

Aðaláfrýjandi krefst þess til vara, að sér verði heimilað að skila þeim hluta yfirtekinna viðskiptakrafna, sem enn séu óinnheimtar, en höfuðstóll þeirra nemi 1.111.181 krónu. Vísar hann um það til 144. gr. laga nr. 21/1991, sem ótvírætt eigi hér við. Þessari kröfu andmælir gagnáfrýjandi. Bendir hann á, að ekki sé fullnægt því skilyrði laga-greinarinnar, að skil á greiðslum vegna riftunar geti farið fram „án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta“. Kröfurnar séu orðnar mun eldri og að sama skapi óvissari en við yfirtöku aðaláfrýjanda á þeim árið 1995. Gagnáfrýjandi hafi ekki haft tök á að innheimta þær, en ekkert liggi fyrir um, hvernig aðaláfrýjandi hafi staðið að innheimtu þeirra eða samskiptum við skuldarana að öðru leyti, svo sem um hugsanlega eftirgjöf á kröfum. Samanburður á greiðslugetu ein-

stakra skuldara nú og 1995 liggi ekki fyrir, en óvissu um það beri að meta aðaláfrýjanda í óhag. Verður fallist á með gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann geti skilað þeim verðmætum, sem hann tók við, án óhæfilegrar rýrnunar þeirra. Er varakröfu hans í málinu því hafnað.

Samkvæmt öllu framanröktu verður hluta af kröfu gagnáfrýjanda vísað frá héraðsdómi, en fallist á niðurstöðu héraðsdómara að öðru leyti. Kröfu gagnáfrýjanda um upphafstíma dráttarvaxta hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og verður hún því tekin til greina. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verður jafnframt staðfest, en rétt þykir, að hvor málsaðila beri sinn kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Vísað er frá héraðsdómi þeim þætti í kröfugerð gagnáfrýjanda, þrotabús Verslunarfélags Austurlands hf., sem lýtur að riftun á afhendingu skuldabréfs til aðaláfrýjanda, Lykils ehf., að eftirstöðvum 147.158 krónur.

Rift er greiðslu Verslunarfélags Austurlands hf. á skuld við aðaláfrýjanda, sem fram fór 30. september 1995 með framsali viðskiptakrafna, samtals að fjárhæð 1.482.079 krónur.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 1.482.079 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1995 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar skal vera óraskað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 26. júní 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 26. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp dómur í málinu E-102/1996.

Stefnandi er þrotabú Verslunarfélags Austurlands hf., kt. 661185-0319, Klapparstíg 29, Reykjavík, en stefndi er Lykill hf., kt. 430269-3219, Búðar eyri 25, Reyðarfirði.

Mál þetta var þingfest 30. október 1996, en tekið til dóms að loknum endurflutningi 30. maí 1997.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda, að fjárhæð 7.092.829 kr.

2. Stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda 7.092.829 kr.

3. Þá er krafist dráttarvaxta af tildæmdri fjárhæð skv. lið 1 af 6.945.671 kr. frá 1. október 1995 til 1. janúar 1996, en af 7.092.829 kr. frá þeim degi til greiðsludags skv. ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Jafnframt er þess krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1997, í samræmi við 12. gr. sömu laga.

4. Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins ...“

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, „verði fallist á kröfu stefnanda um riftun á „greiddri viðskiptakröfu“ 30. september 1995, að fjárhæð 1.482.079 kr., að viðurkenndur verði réttur stefnda til að skila „greiðslu“, yfirfærðum viðskiptakröfum, í þeim mæli, sem þær eru enn til eða að fjárhæð 1.111.181 kr.“. Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Verslunarfélag Austurlands hf. var stofnað 5. mars 1985 til þess að kaupa eignir Verslunarfélags Austurlands svf. og einkum til að reka verslun með matvöru og fleira í Fellabæ og á Egilsstöðum. Rekstur félagsins gekk jafnan erfiðlega, og fékk félagið staðfesta nauðasamninga árið 1993. Þeir samningar skiluðu félaginu þó ekki nægum árangri til að tryggja rekstur þess til frambúðar.

24. maí 1994 samþykkti stjórn Verslunarfélags Austurlands hf. samning, sem gerður hafði verið við stefnda og Þorvald Aðalsteinsson, framkvæmdastjóra stefnda, um, að þessir aðilar tækju að sér að annast rekstur Verslunarfélags Austurlands hf. Í kjölfar þessa komst Verslunarfélag Austurlands hf. smám saman að mestum hluta í eigu stefnda og skyldra aðila. Stefndi annaðist og rekstur félagsins upp frá þessu og þar til Verslunarfélag Austurlands hf. varð gjaldþrota.

Á fundi stjórnar Verslunarfélags Austurlands hf. 30. september 1995 var fjallað um langvarandi rekstrarörðugleika félagsins og ráðstafanir, sem gera þyrfti, til að rekstri félagsins yrði hætt. Aðilar eru sammála um, að þá hafi verið fullvíst, að Verslunarfélag Austurlands hf. hafi verið komið í greiðslubrot, og hafi stefnda verið eða mátt vera kunnugt um það. Þú verslunarfélagsins var tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni sýslumannsins á Seyðisfirði með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 30. janúar 1996, er barst dóminum

10. janúar 1996. Innköllun til kröfuhafa var birt í Lögbirtingablaðinu 21. febrúar 1996, og var fyrsti skiptafundur haldinn 9. maí 1996. Samtals námu lýstar kröfur í búið 50.687.232 krónum.

Stefnandi kveður Verslunarfélag Austurlands hf. og stefnda hafa auk framanritaðs átt nokkur viðskipti árið 1995, eins og fram komi í fram lögðu yfirliti löggilts endurskoðanda, unnu að tilstuðlan skiptastjóra þrotabúsins. Hinn 1. október 1995 hafi verið gerður kaupsamningur milli Verslunarfélags Austurlands hf. og stefnda um kaup stefnda á öllum vörubirgðum verslunarfélagsins. Kaupverðið hafi verið 5.463.592 kr., og hafi það verið ákvarðað þannig, að frá útsöluverði fyrirliggjandi birgða samkvæmt birgðatalningu hafi verið dreginn virðisaukaskattur og álagning. Samkvæmt samningnum skyldi greiða fyrir vörurnar með yfirtöku skulda við birgja, en í bókhaldi hafi sama fjárhæð verið færð til eignar á viðskiptareikningi stefnda og skuld verslunarfélagsins við stefnda lækkuð sem því nam. Þá kveður stefnandi hafa verið gert um það samkomulag 30. september 1995, að stefndi tæki við viðskiptakröfum verslunarfélagsins, að fjárhæð 1.482.079 kr. Greiðsla hafi farið fram með skuldajöfnuði á viðskiptaskuldum verslunarfélagsins við stefnda. Einnig kveður stefnandi skuld samkvæmt skuldaþréfi í eigu verslunarfélagsins með eftirstöðvum 147.158 kr. hafa 31. desember 1995 verið færða sem viðskiptaskuld verslunarfélagsins við stefnda.

Skiptastjóri stefnanda tók skýrslu af framkvæmdastjóra Verslunarfélags Austurlands hf. í apríl 1996, þar sem m. a. voru til umræðu þeir gerningar, sem um ræðir. Var síðan endurskoðandi fenginn til að kanna bókhald stefnanda, og að lokinni þeirri könnun 15. október 1996, nokkrum dögum fyrir þingfestingu málsins, var stefnda sent riftunarbréf.

Stefnandi sundurliðar þannig stefnufjárhæð eða þá greiðslu, sem krafist er riftunar á og endurgreiðslu:

Greidd viðskiptakrafa 30. september 1995	kr.	1.482.079
Greidd viðskiptakrafa 1. október 1995	kr.	5.463.592
Greidd viðskiptakrafa 31. desember 1995	kr.	147.158
Samtals	kr.	<u>7.092.829</u>

Stefndi kveður stjórnendur Verslunarfélags Austurlands hf. hafa í september 1995 vitað, að félagið var komið í greiðsluþrot. Ákveðið hafi verið að hætta rekstri félagsins í megindráttum, og hafi stefndi tekið við verslunarrekstri félagsins á Egilsstöðum og í Fellabæ. Sem stærsti eigandi verslunarfélagsins hafi stefndi hins vegar viljað allt til vinna að komast hjá því, að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta, þar sem stefndi hafi talið, að það myndi skaða hagsmuni sína, ef svo færi. Stefndi hafi því greitt mikið af

skuldum verslunarfélagsins á þessum tíma og lagt út verulega fjármuni til að bjarga félaginu. Meðal þeirra ráðstafana séu þær, sem stefnandi krefjist nú riftunar á.

Stefndi kveður hafa verið gert um það samkomulag milli stefnda og verslunarfélagsins 30. september 1995, að stefndi sæi um fjármögnun launaskuldbindinga verslunarfélagsins að því leyti, sem það væri ekki í stakk búið til að fjármagna skuldbindingarnar sjálf. Verslunarfélagið hafi á þeim tíma átt mikið af útistandandi viðskiptakröfum, sem illa hafi gengið að innheimta, og því hafi verið ákveðið, að það greiddi fjármögnunina með þessum viðskiptakröfum.

Að því leyti, sem kröfur þessar hafi innheimst haustið 1995, hafi þær að öllu leyti gengið til greiðslu launaskuldbindinga verslunarfélagsins. Hafi þetta því verið óhagstæð viðskipti fyrir stefnda, en gerð í þeim tilgangi einum að forða verslunarfélaginu frá gjaldþroti.

Stefndi kveður hafa verið gerðan samning 1. október 1995 milli stefnda og Verslunarfélags Austurlands hf. um kaup stefnda á vörubirgðum verslunarfélagsins. Í samningnum hafi verið kveðið á um, að stefndi skyldi greiða fyrir vörurnar með yfirtöku skulda seljanda við birgja samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila þar um. Kaupverðið hafi verið ákvarðað samkvæmt nákvæmri talningu á birgðunum og miðað við útsöluverð þeirra að frá dreginni álagningu og virðisaukaskatti. Síðar hafi verið fallið frá þeirri greiðslutilhögun, og í stað þess hafi stefndi afhent verslunarfélaginu tvö skuldabréf, út gefin af stefnda, með veði í fasteignum stefnda. Samtals hafi skuldabréfin verið að fjárhæð 6.000.000 kr., og við afhendinguna hafi verið um handhafabréf að ræða.

Þá kveður stefndi hafa verið fært í bókhald Verslunarfélags Austurlands hf. 31. desember 1995, að stefndi hefði tekið við skuldabréfi, út gefnu af Sigurði Lúther Björgvinssyni til verslunarfélagsins. Stefndi kveður það hins vegar aldrei hafa orðið, þótt þetta hafi ekki verið lagfært í bókhaldi verslunarfélagsins. Bréfið hafi verið sett í innheimtu hjá Landsbanka Íslands, og muni það vera þar enn til innheimtu. Eins og sjá megi á fram lagðri skilagrein frá Landsbanka Íslands, Egilsstöðum, sé eigandi bréfsins Verslunarfélag Austurlands, nú þrotabúið, þar sem kennitala félagsins sé tilgreind sem kennitala eiganda umrædds skuldabréfs, og hafi andvirði bréfsins gengið inn á skuldir verslunarfélagsins við bankann.

Fyrirtækið Austmat hf. tengist nokkuð þessu máli og var samkvæmt gögnum málsins stór viðskiptaaðili Verslunarfélags Austurlands hf., og reyndar einnig stefnda. Er áðurnefndur Þorvaldur Aðalsteinsson einn hluthafi í Austmati hf., en hlutur hans er þó innan við 1%. Austmat hf. fékk

heimild til greiðslustöðvunar 19. mars 1996 og að því loknu samþykktan nauðasamning, þar sem félagið skuldbatt sig til að greiða 10% af óveð-tryggðum kröfum. Mun félagið nú vera nánast eignalaust og eina fasteign þess í uppboðsmeðferð. Í ársbyrjun 1996 voru stofnuð þrjú félög um rekstur félagsins, AM-frystivörur, AM-kjöt og AM-heildverslun.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að almenn skilyrði riftunar séu óumdeilanleg. Ljóst sé, að líkur kröfuhafa til að fá fullnustu krafna sinna aukast, ef riftun nær fram að ganga, en greiðsla stefnda á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. hafi ekki verið í samræmi við greiðslur til annarra kröfuhafa og því um mismunun milli kröfuhafa að ræða.

Stefnandi kveðst reisa kröfu sína um riftun á eftirfarandi:

A. Greiðsla viðskiptaskuldar Verslunarfélags Austurlands hf. hafi verið innt af hendi með vörum, afhentum stefnda, með afhendingu viðskipta-krafna og afhendingu skuldabréfs, sem teljist óvenjulegur greiðslueyrir, úr hendi Verslunarfélags Austurlands hf., og því sé greiðslan riftanleg með vísan til 1. mgr. 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

B. Kröfu sína um riftun byggir stefnandi einnig sjálfstætt á því, að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt orðið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og sé riftanleg með vísan til 141. gr. laga nr. 21/1991.

Um A.

Stefnandi telur hin svokölluðu hlutlægu skilyrði 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 koma til greina. Þessi skilyrði séu:

1. Um sé að ræða greiðslu skuldar. Um þetta skilyrði sé vísað m. a. til fram lagðs skjals frá Emil Theódór Guðjónssyni, löggiltum endurskoðanda, um könnun hans fyrir skiptastjóra á bókhaldi Verslunarfélags Austurlands hf., en þar komi greinilega fram, að um sé að ræða greiðslu viðskiptaskuldar Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda.

2. Greiðslan hafi verið innt af hendi á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag. Skuldin hafi verið greidd í september, október og desember 1995, en frestdagur miðist við 10. janúar 1996, er krafa um, að bú Verslunarfélags Austurlands hf. hafi borist Héraðsdómi Austurlands, og því sé tímamörk-um greinarinnar fullnægt.

3. Skuldin hafi verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri. Um þetta skilyrði vísar stefnandi til fyrrgreindrar könnunar Emils Theódórs Guðjónssonar. Af skýrslu hans sé ljóst, að Verslunarfélag Austurlands hf. hafi í öðrum viðskiptum sínum við stefnda greitt skuldir sínar með peningum, og verði ekki séð, að þá hafi verið samið um greiðslur í öðru formi.

4. Greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir atvikum, en stefnandi fullyrðir,

að engin venja hafi tíðkast í viðskiptum aðila í þessa veru, og vísar m. a. enn til fyrrgreindrar könnunar endurskoðandans.

Um B.

Stefnandi kveðst einnig reisa kröfu sína um riftun sjálfstætt á 141. gr. laga nr. 21/1991 og telur, að skilyrði ákvæðisins komi til greina, en þau séu:

1. Greiðslan hafi verið „ótilhlýðileg sem slík“, m. a. vegna grandsemi stefnda um ógjaldfærni Verslunarfélags Austurlands hf.

2. Greiðsla skuldarinnar hafi verið sumum kröfuhöfum til hagsbóta á kostnað annarra.

3. Verslunarfélag Austurlands hf. hafi verið ógjaldfært, þegar greiðslan var innt af hendi.

4. Stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni Verslunarfélags Austurlands hf., þegar greiðslan var innt af hendi, og um þau atvik, sem gert hafi það að verkum, að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg.

Kveður stefnandi framangreindar málsástæður sínar einnig styðjast við skilning fræðimanna á þeim atriðum, sem fjallað hefur verið um, og til dóma á þessu sviði.

Stefndi telur, að ekki séu skilyrði til að verða við kröfum stefnanda um riftun. Nefnir stefndi, að í engu þeirra tilvika, sem rakin séu í stefnu, hafi verið um greiðslu skuldar að ræða í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Þá hafi í engu þeirra verið um að ræða ótilhlýðilegar ráðstafanir, sem leitt hafi til þess, að eignir þrotabús Verslunarfélags Austurlands hf. skertust, og hafi þessar ráðstafanir ekki leitt til skuldaaukningar Verslunarfélags Austurlands hf. Auk þess beri að nefna, að stefndi hafi ekki auðgast á ráðstöfunum þessum, heldur hið gagnstæða, og ekki verði sýnt fram á, að þrotabúið hafi orðið fyrir tjóni.

Stefndi kveðst hafa keypt vörubirgðir Verslunarfélags Austurlands hf. og greitt fyrir þær með tveimur skuldabréfum, sem afhent hafi verið í nóvember 1995, samtals að fjárhæð 6.000.000 kr. Með yfirfærslu birgðanna til stefnda hafi hvorki verið greidd skuld verslunarfélagsins við stefnda né kaupin verið á nokkurn hátt óeðlileg eða ótilhlýðileg. Birgðirnar hafi þvert á móti verið keyptar á mun hærra verði en gengur og gerist í slíkum viðskiptum.

Þá kveðst stefndi halda því fram, að samkomulag sitt við Verslunarfélag Austurlands hf. frá 30. september 1995 um greiðslu launaskuldbindinga verslunarfélagsins og það, sem í þeim samningi hafi falist, geti ekki með nokkru móti talist greiðsla skuldar í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Yfirfærsla viðskiptakrafnanna hafi ekki verið greiðsla eldri skuldar, heldur viðskipti, sem gerð hafi verið, án þess að hróflað væri við eldri skuldum Versl-

unarfélags Austurlands hf. við stefnda. Í raun hafi verið um að ræða kaup á viðskiptakröfum. Stefndi hafi greitt fyrir kröfurnar í beinhörðum peningum, sem verslunarfélagið hafi notað til að greiða launaskuldbindingar sínar. Kröfurnar hafi verið keyptar á nafnverði og hafi það verið verslunarfélaginu sérstaklega hagstætt, því að minnstan hluta þeirra hafi verið unnt að innheimta. Hafi stefndi síður en svo auðgast á þessum viðskiptum, þar sem ekki hafi náðst að innheimta meginhluta þessara krafna og augljóst, að erfitt myndi reynast að innheimta kröfurnar. Því verði ekki talið, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg eða geti á nokkurn hátt fullnægt skilyrðum 141. gr. laga nr. 21/1991. Frá því að samkomulag þetta var gert og til loka ársins 1995, hafi skuldir verslunarfélagsins aukist mjög, og því verði ekki fallist á, að um greiðslu skuldar hafi verið að ræða.

Stefndi kveðst reisa varakröfu sína á því, að hann megi skila viðskiptakröfum til þrotabúsins í samræmi við 144. gr. laga nr. 21/1991. Vísar stefndi í þessu sambandi til fram lagðs yfirlits um viðskiptakröfur miðað við 31. október 1996. Kveður stefndi vera sérstaklega merkt á því yfirliti við allar þær viðskiptakröfur, sem enn hafi ekki tekist að innheimta, og heildarfjárhæð þeirra sé 1.111.181 krónur.

Þá kveðst stefndi telja, að skuldabréf, út gefið af Sigurði Lúther Björgvinssyni, upphaflega að fjárhæð 147.158 kr., hafi ekki verið yfurfært til stefnda til greiðslu skulda Verslunarfélags Austurlands hf., heldur hafi bréfið verið sett í innheimtu hjá Landsbanka Íslands, andvirði afborgana og vaxta gengið til greiðslu skulda Verslunarfélags Austurlands hf. við bankann og að bréfið sé nú í eigu stefnanda.

Niðurstöður.

Eins og rakið hefur verið, fór stefndi að hafa afskipti af rekstri Verslunarfélags Austurlands hf. um mitt ár 1994. Af framburði Þorvalds Aðalsteinsonar framkvæmdastjóra stefnda, sem jafnframt var framkvæmdastjóri Verslunarfélags Austurlands hf., og framburði Þórs Ragnarssonar, verslunarstjóra verslunarfélagsins og stjórnarmanns í félaginu, og öðrum gögnum málsins er ljóst, að árið 1995 var félaginu illkleift vegna bágra efnda á skuldbindingum sínum að fá keyptar vörur til rekstrarins. Hinn 30. september 1995, er stjórn Verslunarfélags Austurlands hf. kom saman, var öllum þeim fullljóst, sem að rekstri félagsins komu, að félagið var komið í greiðsluþrot, eins og fram kemur bæði í stefnu og greinargerð. Félagið hafði og árið 1993 fengið samþykktu nauðasamninga, sem það gat ekki staðið við. Verður því ekki vefengd sú fullyrðing stefnanda, að eigi síðar en í september 1995 var bæði rétt og skylt að gefa bú verslunarfélagsins upp til gjald-

þrotaskipta, sbr. ákvæði 64. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Eigi að síður var tekið til þess bragðs að stofna til þeirra löggæringa, sem deilt er um í þessu máli, en á þeim tíma var Verslunarfélag Austurlands hf. í mikilli skuld við stefnda.

Tengsl stefnda og Verslunarfélags Austurlands hf. voru afar mikil. Stefndi var aðaleigandi Verslunarfélags Austurlands hf., og sátu sumir af stjórnarmönnum stefnda einnig í stjórn Verslunarfélags Austurlands hf.; félögin höfðu sama framkvæmdastjóra, og auk þess var bókhald verslunarfélagsins í vörslu stefnda og fært af stefnda, en bókhaldsgögn Verslunarfélags Austurlands hf. eru um margt óglögg.

Skýringar stefnda á ástæðum fyrir þeim gerningum, sem um ræðir, eru illskiljanlegar, sem sé að reyna að bjarga verslunarfélaginu frá gjaldþroti. Ljóst er, að Verslunarfélag Austurlands hf. átti töluverðar eignir skömmu fyrir gjaldþrot, en vegna viðskipta þeirra, sem um ræðir hér á eftir, kom ekkert til skipta úr þrotabúinu, en lýstar kröfur í búið námu um 50 milljónum króna, eftir að kröfuhafar létu rakna við kröfur, er lýst var við nauðasamningsumleitanir Verslunarfélags Austurlands hf. frá árinu 1993.

Eins og áður er rakið, er um að ræða þrenns konar gerninga:

Í fyrsta lagi gerði stefndi samning við Verslunarfélag Austurlands hf. 1. október 1995 um kaup stefnda á öllum vörubirgðum í eigu verslunarfélagsins. Ekki er í máli þessu deilt um, hvort birgðirnar voru metnar á sannvirði. Samkvæmt fram lögðum samningi um kaup á vörunum frá 1. október 1995, sem undirritaður er af þremur stjórnarmönnum hvors félags, en tveir af þeim rita undir samninginn fyrir hönd beggja félaganna, skyldi greiða fyrir vörurnar með því, að stefndi átti að taka á sig skuldir verslunarfélagsins við birgja þess samkvæmt sérstöku síðar gerðu samkomulagi aðila þar um. Var kaupverð ákveðið 5.463.592 krónur. Stefnandi hefur haldið því fram, að í bókhaldi hafi þessi fjárhæð verið færð til eignar á viðskiptareikningi stefnda, svo að skuld verslunarfélagsins við stefnda hafi lækkað um þessa fjárhæð og ekki verið um að ræða beinar peningagreiðslur vegna þessara viðskipta. Eru þessar fullyrðingar stefnanda studdar fram lögðu áliti og framburði löggilts endurskoðanda, er kannaði bókhald stefnanda.

Í greinargerð stefnda kemur fram, að fallið hafi verið frá þeim greiðslumáta, sem tiltekinn er í samningnum frá 1. október 1995, en þess í stað hafi stefndi afhent Verslunarfélagi Austurlands tvö skuldabréf, út gefin af stefnda, með veði í fasteignum stefnda. Samtals hafi skuldabréfin verið að fjárhæð 6.000.000 kr., og við afhendingu hafi bréfin verið handhafabréf.

Kaupverð hafi verið ákvarðað út frá nákvæmri talningu á vörubirgðum og miðað við útsöluverð þeirra að frá dreginni álagningu og virðisauka-skatti.

Þór Ragnarsson kvað fullyrðingar stefnda réttar um það, að Verslunarfélagi Austurlands hf. hefði borist greiðsla frá stefnda vegna vörubirgðanna, en þá í formi eins skuldabréfs, en ekki tveggja. Það bréf hafi svo verið afhent Austmati hf. sem greiðsla hluta af skuldum verslunarfélagsins við Austmat hf., sem verið hafi helsti svokallaður birgir félagsins.

Við meðferð málsins lagði stefndi fram hreyfingalista úr óendurskoðuðu bókhaldi Verslunarfélags Austurlands hf. fyrir árið 1995 vegna viðskiptareiknings við stefnda. Þar eru skráðar færslur, dagsettar 31. október 1995, sem útgreiðsla, „Birgðir seldar Lykli 5.463.592“, og sem inngreiðsla, „gr. Birgðir m/skbr. 6.000.000“. Einnig eru á hreyfingalistanum færslur, sem virðast vera bakfærslur, 20. desember 1995, þar sem færðar eru annars vegar sem inngreiðsla og hins vegar sem útgreiðsla sex milljónir sem „Birgðir m/skbr.“. Á hreyfingalista úr bókhaldi stefnda vegna viðskiptareiknings við Verslunarfélag Austurlands hf. er einnig að finna útfærslu 31. október 1995 um „birgðir gr. m/skbr. 6.000.000“. Stefndi kveður þessi gögn sýna, að greitt hafi verið að fullu fyrir vörurnar og ríflega það. Þá er á hreyfingalista úr bókhaldi Verslunarfélags Austurlands hf. vegna viðskiptareiknings við fyrirtækið Austmat hf. samsvarandi færsla sem útgreiðsla 31. október 1995. Þessi færsla virðist vera bakfærð 20. desember 1995 sem inngreiðsla og aftur sama dag færð sem útgreiðsla.

Kveður stefndi fram lagða hreyfingalista staðfesta fullyrðingar sínar og einnig ljósrit af tveimur skuldabréfum, er stefndi lagði fram við meðferð málsins.

Skuldabréf þau, sem stefndi vísaði til, virðast hins vegar ekki vera í samræmi við ýmis önnur gögn málsins, þar á meðal færslur samkvæmt hreyfingalistum. Bréfin eru út gefin 8. nóvember 1995 eða á öðrum tíma en greiðsla er færð samkvæmt hreyfingalistum, sbr. framanritað. Á bréfin er handritað Austmat hf. sem nafn kröfuhafa, en ekki kemur fram, að upphaflega hafi verið skráð sérstaklega, að þau væru handhafabréf. Verður raunar vart annað séð en bréfin hafi verið gefin út á nafn, þar sem þau bera með sér, að þau séu afhent þannig til þinglýsingar þegar á útgáfudegi.

Þá samræmist fjárhæð skuldabréfanna ekki mati á verðmæti vörubirgða Verslunarfélags Austurlands hf., heldur kveða bréfin á um greiðslu á ríflega hálfri milljón króna hærri fjárhæð en söluverð birgðanna á að hafa verið. Kvað Þorvaldur Aðalsteinsson skýringuna m. a. vera þá, að staðið hefði til að kaupa ýmsa smáhluti, er stefndi hefði talið vera í eigu Verslunarfélags

Austurlands hf., svo sem tölvuvogir og búðarkassa, en síðar hefði komið í ljós, að þeir hlutir voru ekki í eigu þess félags, sbr. fram lagt bréf, undirritað af Þorvaldi Aðalsteinssyni f. h. stefnda til Verslunarfélags Austurlands hf., sem var í bókhaldi verslunarfélagsins, en þar segir: „Meðfylgjandi skulda-bréf er til greiðslu á lager Verslunarfélagsins, eins og hann er nú samkv. talningu 1. okt. 1995. Þetta er gert svona samkvæmt samkomulagi (sjá tilk., sem fer til skattstjóra, og samþ. í stjórn). Það, sem umfram er lagerinn, fær-ist til á viðskiptareikning okkar hjá VAL og er hugsað til m. a. greiðslu á ýmsum smáhlutum, sem kaupa þarf af VAL“. Í þessari yfirlýsingu vísar framkvæmdastjórinn til þegar útgefinna skuldabréfa eða öllu heldur skuldabréfs. Nefnd yfirlýsing er dagsett 1. október 1995, rúnum mánuði fyrir útgáfudag áðurnefndra skuldabréfa, sem stefndi lagði fram í málinu til sönnunar fyrir greiðslu, en tæpum mánuði áður en greiðsla er færð á hreyf-ingalista.

30. september 1995 ritaði Þorvaldur Aðalsteinsson svohljóðandi skjal f. h. stefnda, er lagt var sem fylgiskjal í bókhald Verslunarfélags Austurlands hf.: „Lykill hf. selur Verslunarf. Austurlands hf. ýmsar vörur, sem keyptar hafa verið af Austmat hf. frá áramótum og fram til dagsins í dag.

Reikningar hafa þegar verið lagðir fram og stílaðir beint á VAL, en nú hefur millifærsla verið gerð, svo að viðskiptin ganga um Lykil hf., eins og samkomulag hefur verið gert um.

Staða viðskiptanna nú, 30. sept. 1995, er kr. _____.

Færsla á vörukaup hefur farið fram, svo að ekki þarf annað að gera en færa á viðskiptamenn.“

Skjal þetta var ekki lagt fram af hálfu stefnanda fyrir en við aðalmeðferð málsins. Eftir aðalmeðferð þótti dómara sem nokkur brestur væri á upplýs-ingum um málsatvik, og var málið endurupptekið í því skyni að varpa frek-ara ljósi á þau og fá frekari skýringar á dóm skjölum og þá sérstaklega á hinu óljósa skjali, er síðast var rakið.

Við endurupptöku málsins kom fram hjá Þorvaldi Aðalsteinssyni, að skjal þetta hefði einvörðungu verið samið til að koma í veg fyrir, að virðis-aukaskattur myndi leggjast á söluverð birgðanna í samræmi við 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt. Styðst sú fullyrðing við framburð Geirs Vals Ágústssonar, endurskoðanda stefnda, er þá var gefinn, og vottorð skatt-stjóra Austurlandsumdæmis, þar sem segir, að Þorvaldur Aðalsteinsson hafi f. h. stefnda leitað til skattstjóra og beðið um leiðbeiningar um, hvernig hann ætti að „bera sig að vegna yfirtöku Lykils ehf. á rekstri Verslunarfé-lags Austurlands hf.“. Vottar skattstjóri, að slíkar leiðbeiningar hafi verið veittar, þrátt fyrir það að ekki hafi tekist betur til hjá framkvæmdastjórán-um við samningu skjalsins en raun beri vitni.

Þá kom fram hjá Geir Val Ágústssyni, að við afskipti stefnda af rekstri Verslunarfélags Austurlands hf. árið 1994 hafi endurskoðun fyrir verslunarfélagið einnig færst til hans frá þeim sama endurskoðanda, sem skoðaði bókhald stefnanda fyrir skiptastjóra. Kvað Geir Valur Þorvald Aðalsteins-son hafa leitað ráða hjá sér um viðskipti þessi og fengið þær ráðleggingar, að ef stefndi ætlaði að kaupa vörubirgðirnar, væri réttast að gera það með því að finna raunvirði eftir nákvæma vörutalningu.

Við endurflutning málsins voru einnig lögð fram gögn úr bókhaldi Austmats hf. vegna viðskiptanna, og auk þess gaf skýrslu Jón Guðmunds-son, fyrrum framkvæmdastjóri Austmats hf. Lýsti hann atvikum nokkuð á aðra lund en fram kemur í málalímbúnaði aðila. Kvað hann eins og Þór Ragnarsson Verslunarfélag Austurlands hf. að vísu hafa greitt Austmati hf. upp í skuld félagsins sex milljónir króna í október 1995. Upphaflega hefði verið greitt með einu skuldabréfi, að fjárhæð sex milljónir króna, þar sem stefndi hefði verið skráður skuldari, en ekki kvaðst Jón muna, hvort bréfið var gefið út til handhafa eða til Verslunarfélags Austurlands hf. Vegna þess, hve erfiðlega hefði gengið að framselja svo stórt bréf, hefðu að hans ósk hins vegar verið gefin út tvö ný bréf með skuldaviðurkenningu stefnda til Austmats hf. Bréfin hafi þó ekki verið til greiðslu skulda stefnda við Austmat hf., en til að bréfin væru seljanlegri, hefði að hans beiðni nafn hins illa stæða verslunarfélags ekki komið við sögu á bréfunum. Eldra bréfinu hefði hins vegar aldrei verið þinglýst og það líklega eyðilagt. Kvað Jón stefnda ekki hafa á neinn hátt verið í ábyrgð fyrir viðskiptum verslunarfélagsins við Austmat hf., þó að góð og örugg viðskipti Austmats hf. við stefnda hefðu sennilega átt nokkurn þátt í því, að ekki var um að ræða staðgreiðsluviðskipti milli Austmats hf. og verslunarfélagsins. Þá kom fram hjá Jóni, að Austmat hf. hefði framselt þessi tvö skuldabréf til þriðja aðila.

Við skýrslugjöf fyrir dómi við endurflutning málsins kvaðst Þorvaldur Aðalsteinsson vilja staðfesta þennan framburð Jóns, en ekkert var getið um hið fyrra skuldabréf í greinargerð stefnda. Virðist tilvist hins fyrra bréfs falla nokkuð að hinum óljósu fylgiskjölum úr bókhaldi stefnanda, sem rak- in hafa verið.

Skoðun og samanburður á fram lögðum gögnum úr bókhaldi þeirra þriggja fyrirtækja, sem við sögu koma, svo og skrá um lýstar kröfur í bú stefnanda staðfesta framangreindan framburð um eðli og gang viðskipt-anna, en bæði Jón Guðmundsson og Geir Valur Ágústsson endurskoðandi hafa gefið skýringar á færslum úr endurskoðuðu bókhaldi Austmats hf. Í bókhaldsgögnum kemur fram, að við þessa gerninga lækkar skuld Verslunarfélags Austurlands hf. við Austmat hf. sem nemur andvirði skuldabréf-anna, en skuld Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda breytist ekki

nema til hækkunar sem nemur mismun á andvirði vörubirgða og skulda-bréfanna. Einnig hefur komið fram í málinu, að stefndi skuldaði Austmati hf. ekki svo mikla fjárhæð sem kemur fram á skuldabréfunum, og verður því ekki fallist á það, sem kom fram í málflutningi lögmanns stefnanda, að líta megi einnig svo á, að stefndi hafi í raun verið að greiða Austmati hf. skuld sína og Verslunarfélag Austurlands hf. einungis notað sem milliliður í þeim gerningi, þar sem skuldir verslunarfélagsins hafi ekki lækkað vegna þessa.

Verður því ekki við annað miðað en stefndi hafi greitt Verslunarfélagi Austurlands hf. fyrir vörubirgðir þær, sem um ræðir, fyrst með afhendingu eins skuldabréfs, að fjárhæð sex milljónir króna, tryggðs með veði í eignum stefnda, en síðar hafi því bréfi verið skipt út fyrir tvö skuldabréf, gefin út af stefnda til Austmats hf., tryggð með veði í eignum stefnda, samtals að fjárhæð 6 milljónir króna; hafi þau bréf farið til Austmats hf. sem greiðsla á hluta af skuldum Verslunarfélags Austurlands hf. við Austmat hf. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að afhending Verslunarfélags Austurlands hf. á vörubirgðum sínum til stefnda hafi verið greiðsla á viðskipta-skuld Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda. Ber því að sýkna stefnda af þessum hluta dómkrafa stefnanda.

Í öðru lagi er deilt um eftirfarandi samkomulag:

„Að samkomulagi hefur orðið, að Lykill hf. sjái um hluta greiðslna vegna starfsfólks Verslunarfélags Austurlands hf. þá þrjá mánuði, sem uppsagnarfrestur varir. Þar á móti kemur greiðsla í því formi, að Lykill hf. fellst á að taka við andvirði viðskiptakrafa, til að verslunarfélagið geti með einhverjum hætti tekið þátt í þessum greiðslum, enda hefur Lykill hf. ekki þörf fyrir allt það starfsfólk, sem fyrir er, m. a. vegna þess, að versluninni í Selási er lokað nú um þessi mánaðamót, þ. e. 30. sept. 1995. Jafnframt mun Lykill hf. nota til starfa sem verslunarstjóra þann, sem þegar er að störfum hjá Lykli, og ekki er þörf fyrir verslunarstjóra V. Austurlands hf.

Í þessu samkomulagi er Lykill hf. ekki á nokkurn hátt að taka á sig ábyrgð á launagreiðslum eða tengdum gjöldum, enda eru greiðslur vegna launa greiddar verslunarfélaginu, sem síðan sér um greiðslur til starfsfólks og annarra, sem taka við launatengdum gjöldum.

Sú tala, sem hér er miðað við sem skipti á peningagreiðslum og kröfum (sem illa hefur gengið að innheimta), er ekki vituð á þessari stundu, en miðað við allar aðstæður er 31. 12. 1995 síðasti viðmiðunardagur.

Reyðarfirði, 30. sept. 1995.

Þorvaldur Aðalsteinsson (sign)

f. h. Lykils hf.

Þorvaldur Aðalsteinsson (sign)

f. h. Verslunarfélags Austurlands hf.“.

Stefndi hefur, eins og áður segir, haldið því fram, að með framangreindu samkomulagi hafi hann ekki auðgast, heldur hafi hann greitt fyrir þessar kröfur með peningum, sem Verslunarfélag Austurlands hf. hafi notað til að greiða launaskuldbindingar sínar. Séð hafi verið fyrir, að ekki myndi takast að innheimta nema lítinn hluta krafanna, og hafi tilgangur þessa gernings verið sá að forða Verslunarfélagi Austurlands hf. frá gjaldþroti, en stefndi hafi auk þess umfram skyldu greitt ýmis launatengd gjöld fyrir verslunarfélagið.

Eins og áður segir, tók stefndi í raun að sér rekstur Verslunarfélags Austurlands hf. og nýtti að mestu leyti þá aðstöðu, sem verslunarfélagið hafði áður til afnota og starfsfólk verslunarfélagsins að svo miklu leyti sem stefndi taldi nauðsynlegt. Er í því ljósi ekki óeðlilegt, að stefndi hafi greitt laun og opinber gjöld þeim tengd frá október 1995. Verður ekki heldur annað ráðið af bókhaldsgögnum en þær viðskiptakröfur, sem um ræðir, að fjárhæð 1.482.079 krónur, hafi stefndi tekið á sig og millifært í bókhaldi til lækkunar á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. við sig, og því sé í raun um að ræða greiðslu skuldar með óvenjulegum greiðslueyri. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um riftun á þeirri greiðslu samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

Þá er og deilt um skuldabréf, út gefið af Sigurði Lúther Björgvinssyni, upphaflega að fjárhæð 165.553 kr., vegna skulda hans við Verslunarfélag Austurlands hf.

Í fram lagðri yfirlýsingu frá Landsbanka Íslands, dags. 29. október 1996, segir: „Hér með staðfestist, að samkvæmt beiðni Þorvalds Aðalsteinssonar hefur afborgunum og vöxtum af skuldabréfi, út gefnu 24. júlí 1995 af Sigurði L. Björgvinssyni, verið ráðstafað inn á skuldabréf, út gefið af Verslunarfélagi Austurlands 4. ágúst 1995.“ Þá liggur frammi í gögnum málsins yfirlit Landsbanka Íslands um fimm greiðslur á tímabilinu 21. nóvember 1996 til 3. febrúar 1997, samtals að fjárhæð 57.215,60 kr., sem færðar eru inn sem greiðslur á skuldabréfi því, sem getið er um í niðurlagi yfirlýsingar Landsbankans, en það skuldabréf hljóðar upp á um ríflega milljón krónur. Þessar greiðslur, sem yfirlitið skýrir frá, eru allar færðar sem greiðslur á afborgun með gjalddaga 1. janúar 1996.

Upplýst er, að fyrsti gjalddagi bréfs, út gefins af Sigurði Lúther, var 1. september 1995, en það bréf, afrit af því eða yfirlit um greiðslur á bréfinu, hefur ekki verið lagt fram í málinu. Ómótmælt er, að í bókhaldi þrotabús Verslunarfélags Austurlands hf. er ekkert frekar að finna um greiðslur á skuldabréfinu annað en skilagrein frá Landsbanka Íslands um 10.844 króna greiðslu 1. nóvember 1995, en gjalddagi þeirrar greiðslu var 1. október 1995. Var það önnur af átján greiðslum. Í þessari skilagrein er Verslunarfélag

Austurlands hf. skráð eigandi bréfsins. Hins vegar segir í yfirlýsingu úr bókhaldsgögnum Verslunarfélags Austurlands hf., undirritaðri af framkvæmdastjóra félagsins, dags. 31. desember 1995, er fylgir skilagreininni: „Skulda-bréf Sigurðar Björgvinssonar sett upp í skuld við Lykil hf. v/greiðslna fyrir VAL.“ Verður ekki litið fram hjá þessari yfirlýsingu, þegar komist er að niðurstöðu í þessu máli, en af hálfu stefnda hefur ekki verið gefin haldbær skýring á yfirlýsingunni, sem ekki verður túlkuð á annan hátt en skulda-bréfið sé í eigu stefnda. Þá er skulda-bréfið fært sem greiðsla á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda í bókhaldi þrotabúsins, og kemur sú færsla m. a. fram í fram lögðu yfirliti, unnu af stefnda úr hreyfingalistum úr bókhaldi stefnda og Verslunarfélags Austurlands hf. Ber því einnig að fallast á riftun þessarar greiðslu samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

Ekki verður talið, að lagaskilyrði séu fyrir skilum stefnda á kröfum, að fjárhæð 1.111.181 kr., en kröfurnar eru ekki nægilega tilgreindar í gögnum málsins, og er ekki með öllu ljóst um stöðu hverrar einstakrar kröfu nú.

Ekki er deilt um vexti í máli þessu, og samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda 1.629.237 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.482.079 kr. frá 1. október 1995 til 1. janúar 1996, en af 1.629.237 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá skulu dráttarvextir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1997, í samræmi við 12. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt, að stefndi greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans, 100.000 kr.

Ólafur Börkur Porvaldsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Greiðslu á viðskiptaskuld Verslunarfélags Austurlands hf. við stefnda, Lykil hf., kt. 430269-3219, Búðareyri 25, Reyðarfirði, að fjárhæð 1.629.237 kr., er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Verslunarfélags Austurlands hf., kt. 661185-0319, Klapparstíg 29, Reykjavík, 1.629.237 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.482.079 kr. frá 1. október 1995 til 1. janúar 1996, en af 1.629.237 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. sömu laga, í fyrsta sinn 1. janúar 1997.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.